

SIGLINGASTOFNUN

Alþingi
Erindi nr. P 135/937
komudagur 14.12.2007

Alþingi
Samgöngunefnd
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 12.12.2007
Tilv. 023
HJ

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um tekjutap hafnarsjóða, 39. mál.

Siglingastofnun Íslands vísar til bréfs samgöngunefndar dags. 27. nóvember 2007, þar sem send er til umsagnar stofnunarinnar tillaga til þingsályktunar um tekjutap hafnarsjóða, 39. mál.

Afkoma hafnarsjóða.

Skipta má hafnarsjóðum i tvo hópa eftir starfsemi og afkomu þeirra.

- a) **Hafnir með veruleg iðnaðarumsvif**, s.s. v/stóriðju. Þær hafa yfirleitt haft jákvæða afkomu rekstrar. Þetta á við um hafnir Hafnarfjarðar og Fjarðabyggðar auk Faxaflóahafna.
- b) **Aðrar og minni hafnir sem hafa tekjur nánast eingöngu af sjávarútvegi**. Þær hafa haft mjög slaka afkomu undanfarin ár. Af 31 úrtakshöfn eru 74% með neikvæða rekstrarniðurstöðu árið 2006 og einungis 3-4 hafnarsjóðir með ásættanlega afkomu. Samtals var afkoma 31 hafnar neikvæð um 686 mkr. árið 2006 og hefur farið versnandi síðastliðin þrjú ár.

Niðurskurður á þorskvóta.


Ætla má að 81% af þorskafla árið 2006 hafi verið landað hjá höfnum skv. b-liðs hér að ofan.

Ef miðað er við meðalverð þorsks og aflagjalds árið 2006 má gera ráð fyrir að tekjur hafnarsjóða (b) gætu rýrnað um u.þ.b. 110 mkr. þegar áhrifin verða að fullu fram komin. Niðurskurður þorskafla mun væntanlega koma að hluta til fram í rekstri hafnarsjóða árið 2007 og að fullu árið 2008. Þær hafnir (b) sem höfðu hvað mesta löndun þorsks árið 2006 voru Grindavík, Snæfellsbær, Ísafjörður, Akureyri, Vestmannaeyjar, Sandgerði, Eskifjörður, Sauðárkrókur og Dalvík með yfir 50% alls þorskafla.

Áhrif kvótaskerðingar verða væntanlega mjög misjöfn eftir höfnum þar sem hlutfall þorsks af lönduðum heildarafla hverrar hafnar er mjög mismunandi.

Virðingarfyllst,

f. h. Siglingastofnunar Íslands,


Hermann Guðjónsson, siglingamálastjóri